

# Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellsýslu

## Úttekt á starfsemi unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti



Bragi Guðmundsson  
Trausti Þorsteinsson

Gát sf  
2016

**Framhaldsskólinn í Austur-  
Skaftafellssýslu**

Úttekt á starfsemi unnin fyrir mennta- og  
menningarmálaráðuneyti

© Gát sf. Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson, 2016.  
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu. Úttekt.  
Unnin að ósk Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti.  
Mynd á forsíðu: Trausti Þorsteinsson  
ISBN 978-9979-0-2095-0

## Heildarniðurstöður

- Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu (FAS) hefur skýra sýn og stefnu og sum atriði eru mjög sýnileg í daglegu starfi, s.s. vettvangsnám, alþjóðlegt samstarf og opin samskipti nemenda, kennara og annars starfsfólks. Óformlegt samráð er mikið en takmörkuð regla á því formlega. Skólanefnd fundar frekar óreglulega, skólaráð er lítið virkt og samstarf við foreldraráð af skornum skammti.
- Skipurit FAS er einfalt að gerð. Nálægð er mikil í starfsmannahópnum. Kennarar bera traust til skólameistara sem gegnir faglegu leiðtogahlutverki. Stjórnunarrými FAS er opið og greiður aðgangur er að kennurum jafnt sem öðrum starfsmönnum.
- Nýskipan alls náms við skólann hófst með nýrri námskrá haustið 2015. Námsframboðið tekur mið af stærð og getu skólans til þess að halda úti fjölbreyttu námi, meðal annars með öflugum samstarfi við aðra framhaldsskóla innan Fjarmentaskólans.
- Þrjár námsbrautir eru til stúdentsprófs (200 einingar) og hafa námsbrautalýsingar verið staðfestar af mennta- og menningarmálaráðuneyti. Mest nýnæmi er að kjörnámsbraut sem gefur kost á sérhæfingu sem valin er í samráði nemanda og skóla, s.s. í starfstengdu námi, eða listum. Aðrar námsbrautir en stúdentsprófsbrautir eru framhaldsskólabraut, A-stig vélstjórnar og fjallamennskunám sem er einstætt í íslensku framhaldsskólakerfi.
- Frá og með haustönn 2016 eru allir áfangar símatsáfangar án lokaprófs. Af því leiðir að skil milli kennslu- og prófatíma falla niður og nýting skólatímans mun taka talsverðum breytingum. Mat verður lagt á þetta fyrirkomulag að loknu yfirstandandi skólaári.
- Reglubundið umbótamiðað sjálfsmat fer fram og á heimasíðu skólans eru birtar sjálfsmatsskýrslur frá árinu 2006. Þar er einnig verk- og framkvæmdaáætlun 2015–2019 sem sýnir hvernig sumir matsþáttanna eru alltaf eða oftast til skoðunar en aðrir sjaldnar.
- Aðbúnaður til náms og kennslu er góður og vel fer um starfsemina. Skólinn er hluti af Þekkingarsetrinu Nýheimum og faglegt samneyti við aðrar stofnanir styrkir fámennt kennaralið hans. FAS hefur efri hæð hússins til afnota og rúmt er um grunnstarfsemina. Helst skortir rými fyrir félagsstarf nemenda en opin svæði koma þar að góðum notum. Umgengni er góð og vel um allt hugsað. Auk húsnæðisins í Nýheimum fer fram drjúg starfsemi á vegum FAS í Vöruhúsinu sem er í aðeins þriggja mínútna göngufjarlægð og hefur verið lagt undir starfsemi sem miðar að því að efla list- og verkgreinar á Hornafirði.
- Nemendur eru stoltir af skólanum sínum, segja hann lítinn og samheldinn og gott samband sé á milli þeirra, kennara og annars starfsfólks. Undir þetta taka aðrir viðmælendur og formaður foreldrafélagsins segir skólann vera „lykilstofnun í samfélaginu.“
- FAS sinnir öllum grunnþáttum menntunar á einn eða annan hátt en skólinn hefur ekki komið sér upp neinum aðferðum til þess að meta hversu vel nemendur hafa tileinkað sér hvern og einn þeirra.
- Ný námskrá FAS sýnir vilja skólans til þess að endurskipuleggja sjálfan sig og koma til móts við breytta tíma. Um það er nám í fjallamennsku skýr vitnisburður, sama má segja um kjörnámsbrautina sem veitir einkum möguleika á sérhæfðu listnámi og loks er samstarf innan Fjarmentaskólans árangursríkt.
- Vísbendingar eru um að undirbúningur frá FAS hafi naumast nýst sem skyldi til framhaldsnáms en betur á öðrum vettvangi. Um raunverulegt gengi brautskráðra á næsta skólastigi eru engar nákvæmar upplýsingar til.

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	6
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellsýslu .....	8
Viðmið og vísbendingar .....	15
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag .....	15
1.1. Um stefnu og áætlanir .....	15
1.2. Um stjórnendur .....	15
1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur .....	16
1.4. Um innra mat .....	16
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð .....	17
2.1. Um nám og kennslu .....	17
2.2. Um kennsluáðstæður/stuðning við nemendur .....	17
2.3. Um námsmat .....	18
2.4. Um kennara .....	18
2.5. Um námsgögn .....	19
Þáttur 3: Samskipti og líðan .....	20
3.1. Um skólabrag .....	20
3.2. Um samskipti í skólastofunni .....	20
3.3. Um félagslíf nemenda .....	21
3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn .....	21
3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf .....	21
Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður .....	22
Þáttur 5: Lykilárangur .....	23
5.1. Um námsárangur .....	23
5.2. Um árangur í grunnþáttum .....	23
5.3. Um langtímaárangur .....	24
Viðauki .....	25
Umsögn ytri matsaðila um stjórnun og skipulag (styrkleikar/veikleikar) .....	25
Umsögn ytri matsaðila um kennslu og námsframboð (styrkleikar/veikleikar) .....	27
Umsögn ytri matsaðila um samskipti og líðan (styrkleikar/veikleikar) .....	31
Umsögn ytri matsaðila um skólahúsnæði og aðbúnað (styrkleikar/veikleikar) .....	33
Umsögn ytri matsaðila um lykilárangur (styrkleikar/veikleikar) .....	34
Viðauki: Heimildir og tilvísanir .....	36

## **Myndir**

Mynd 1. Fjöldi nemenda í FSA frá vori 2012 til hausts 2016.....	9
Mynd 2. Fjöldi innritaðra nýnema að hausti 2012–2016. ....	9
Mynd 3. Brotthvarf í FAS 2010–2016. ....	11

## **Töflur**

Tafla 1. Skipting nemenda á námsbrautir eftir kynjum 2012–2016.....	10
Tafla 2. Fjarvistir haust og vor 2015–2016. ....	11
Tafla 3. Brautskráning af námsbrautum FAS 2012–2016.....	12
Tafla 4. Starfsheiti og fjöldi stöðugilda eftir kynjum.....	12
Tafla 5. Menntun kennara í FSA. ....	13

## Inngangur

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður úttektar á starfsemi Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu (FAS). Hún skiptist í tvo hluta. Annars vegar eru helstu tölulegar upplýsingar um skólann og hins vegar niðurstöður úttektaraðila um fimm tilgreinda matsþætti samkvæmt viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytri úttektir á framhaldsskólum. Við matið er litið til laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, *Aðalnámskrár framhaldsskóla*, 2004 og 2011, og reglugerða eftir því sem við á.

Menntamálastofnun fól Gát sf. að annast úttektina með samningi dags. 22. ágúst 2016. Sérfræðingar sem að úttektinni komu og skýrsluskrifum voru Bragi Guðmundsson, prófessor við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri, og Trausti Þorsteinsson, dósent við sama svið og skóla. Í samningi Menntamálastofnunar og úttektaraðila er úttekt á starfsemi Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu sögð felast í „sjálfstæðu mati á þáttum sem teknir eru út, gerð tillagna um úrbætur og skýrslu um verkefnið.“ Að auki er tilgreint að markmiðið sé að meta starfsemi skólans „með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemina.“ Þá segir að verktaka beri að meta helstu styrkleika og veikleika í starfsemi skólans og gera „tillögur um hvaðeina sem hann telur að gæti horft til bóta“ í starfseminni. Í úttektarleiðbeiningum eru nánari fyrirmæli og þar kemur fram að horfa beri sérstaklega til eftirfarandi þátta: Stjórnun og skipulag, kennsla og námsframboð, samskipti og líðan, húsnæði og aðbúnaður og lykilárangur. Megin kaflaskipan skýrslunnar fylgir í öllum aðalatriðum þessum fyrirmælum Menntamálastofnunar.

Ytra matið grundvallast að miklu leyti á sjálfsmati skólans sem skólinn framkvæmir í aðdraganda ytri úttektar og að hluta til er tilgangur þess að sannreyna hvort sjálfsmat skólans eigi við rök að styðjast. Í því skyni fóru ytri úttektaraðilar yfir niðurstöður sjálfsmatsins með nemendum, kennurum og öðrum starfsmönnum skólans, stjórnendum og foreldrum nemenda. Í kjölfar þeirrar yfirferðar gáfu úttektaraðilar skólanum einkunn á sama mælikvarða og skólinn hafði sjálfur stuðst við. Sú aðferð sem skólinn beitti var að skipta þeim spurningum sem til hans var beint í aðdraganda ytra matsins í fernt. Einum hluta spurninganna svaraði sjö manna teymi (skólameistari, áfangastjóri, kennari, verkefnisstjóri sjálfsmats, tólmstundaráðsfulltrúi, forseti og varaforseti nemendafélags FAS); öðrum hluta svöruðu kennarar í leynilegri spurningakönnun; þriðja hlutanum svöruðu nemendur í leynilegri spurningakönnun og loks svaraði verkefnisstjóri sjálfsmats þorra þeirra spurninga sem út af stóðu. Þó mun sjö manna teymið einnig hafa átt hlutdeild að sumum þeirra en óljóst hverjar þær eru. Sjá má af heimildatílvísunum í viðauka hvernig skipting spurninganna var á milli aðila.

Gagnaöflun fór fram með þrennum hætti: Fyrst var heimasíða skólans könnuð og þangað sóttar upplýsingar um skipulag hans og starfsemi. Að því búnu var óskað upplýsinga um tiltekin atriði með bréfi til skólameistara, dags. 22. ágúst 2016 (fylgiskjal 1). Meðal annarra gagna sem leitað var eftir til skólans voru skólanámskrá, upplýsingar um menntun og starfsaldur kennara, ársskýrslur skólans, eldri úttektir og kannanir, upplýsingar um skiptingu nemenda í staðar- og fjarnema, brotthvarf nemenda og fjöldi kennslustunda sem felldar eru niður vegna fjarvista kennara. Í þriðja lagi fóru úttektaraðilar í heimsókn í skólann dagana 10. og 11. október 2016. Markmiðið var að kynnast skólanum og skólastarfinu af eigin raun og taka ítarleg viðtöl við hlutaðeigandi. Í þessum viðtölum var stuðst við viðtalsramma og voru þau öll hljóðrituð með góðfúslegu leyfi viðmælenda. Viðtöl voru tekin við: Skólameistara, formann skólanefndar, fjármálastjóra og skrifstofustjóra (sami einstaklingur), umsjónarmann veitingasölu, námsráðgjafa, áfangastjóra, verkefnisstjóra sjálfsmats, stjórn nemendafélags og umsjónarmann með félagslífi, formann foreldrafélags. Auk þess voru tekin rýnivíðtöl við þá

kennara sem viðlátir voru og hóp nemenda. Samtals var rætt við 30 aðila. Í ljósi smæðar skólans settu úttektaraðilar saman tvo rýnihópa sem tóku til allra kennara og óskuðu eftir þátttöku þeirra. Þá var leitað eftir því við formann nemendafélagsins að boða stjórn félagsins til viðræðna við úttektaraðila og jafnframt að annast myndun rýnihóps nemenda.

Niðurstöður úttektarinnar skiptast í tvo meginkafla. Í þeim fyrri er gerð grein fyrir ýmsum tölulegum upplýsingum um FAS. Meðal annars er fjallað um fjölda nemenda og þróun aðsóknar að skólanum, samsetningu nemendahópsins, brotthvarf, námsbrautir og brautskráningu. Þá er fjallað um kennara skólans, fjölda þeirra, menntun, starfsmannaveltu og starfsaldur. Loks er greint frá því hvernig unnið hefur verið í ljósi markmiða sem fylgdu skólasamningi 2013–2015. Í síðari aðalkaflanum er mat úttektaraðila á þáttunum fimm: stjórnun og skipulagi, kennslu og námsframboði, samskiptum og líðan, húsnæði og aðbúnaði og lykilárangri. Matið er sett fram í formi greiningar á styrkleikum og veikleikum á hverjum þætti um sig. Að auki er mat lagt á hversu vel fullyrðingar sem settar eru fram af hálfu Menntamálastofnunar eiga við ólík viðföng innan hvers þáttar. Hverri fullyrðingu er gefin einkunn á fjögurra stiga kvarða sem hér segir:

- A. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega kröfum laga, reglugerða og aðalnámskrár*
- B. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá*
- C. Uppfyllir lágmarksviðmið um verklag en margir þættir þarfnast úrbóta*
- D. Óviðunandi verklag, þarfnast gagngerrar endurskoðunar*

Við framsetningu á mati þarf að hafa eftirfarandi í huga.

- Skáletraðir textar settir fram í römmum með gráleitum bakgrunni eru orðrétt viðmið sem koma frá Menntamálastofnun/mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Við mat á einstökum fullyrðingum eru þrenns konar merkingar notaðar:
  - X merkir að mat matsaðila í FAS og ytri matsaðila er samhljóða.
  - S merkir mat matsaðila í FAS þegar mat þeirra og ytri matsaðila fer ekki saman.
  - M merkir mat ytri matsaðila þegar mat þeirra og matsaðila í FAS fer ekki saman.

Í stöku tilvikum leggja úttektaraðilar ekki mat á tiltekna fullyrðingar og stendur þá S eitt við fullyrðinguna.

Úttektaraðilar þakka öllum þeim sem þátt tóku í rýnihópum, veittu viðtöl og aðstoð með öðrum hætti við gagnaöflun. Nánari upplýsingar um gögn að baki skýrslunni eru í heimildaskrá.



## Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellsýslu

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu (FAS) var stofnaður árið 1987. Í fyrstu fékk skólinn inni í húsi Nesjaskóla í Nesjahreppi og þar var hann fyrstu 15 árin en fluttist í Nýheima á Höfn í Hornafirði haustið 2002. Skólinn er í samstarfi við Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi sem hefur það markmið að bæta aðgengi íbúa svæðisins að háskólanámi og símenntun. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir ýmsum tölulegum upplýsingum um FAS. Þær upplýsingar sem fram koma byggjast einkum á gögnum sem kallað var eftir frá skólameistara og upplýsingum sem liggja fyrir á vef skólans.

Hlutverk skólans er fyrst og fremst að bjóða upp á almennt bóknám og auk þess starfsnám í samræmi við eftirspurn hverju sinni, fullorðinsfræðslu og símenntun. Í skólanum er lögð áhersla á að þjóna þörfum nemenda á persónulegan hátt með sveigjanlegu námsframboði. Fjarnám og tölvutengt nám er mikilvægur hluti náms við skólann og fer sífellt vaxandi en skólinn er í samstarfi við aðra framhaldsskóla um fjarnám með aðild að Fjarmentaskólanum. Markmiðið með því er fyrst og fremst að bæta aðgengi nemenda að eins fjölbreyttu námsframboði og kostur er og tryggja þeim sem bestan undirbúning undir frekara nám eða störf.<sup>1</sup>

Í skólasamningi segir að grundvöllur skipulags skólans byggist á þeirri sýn að nám sé vinna en um leið félagslegt ferli og einnig þeirri sýn að skólinn sé þjónustustofnun. Lögð er áhersla á að skólinn þjóni þörfum nemenda á persónulegan hátt með sveigjanlegu námsframboði og hann mæti kröfum samfélagsins hverju sinni.<sup>2</sup> Skólinn leitast við að flétta grunnþætti menntunar inn í allt skólastarfið. Að læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun séu sýnilegir þættir í kennslu og námi nemenda og að þeir komi fram í öllum starfsháttum, skipulagi og stjórnun skólans sem og í tengslum hans við samfélagið.<sup>3</sup>

### Nemendur


Á undanförunum árum hefur nemendum í FAS farið fækkandi. Á árabílinu 2012–2016 (vor og haust) var meðalfjöldi nemenda í skólanum 180 þegar tillit er tekið til beggja anna og dagskólanemendur og fjarnemendur eru taldir. Á þessu árabíli voru nemendur 173 að meðaltali á vorönnunum en 186 á haustönnunum. Flestir voru nemendurnir á haustönn 2012, eða 232, en eftir það hefur þeim farið verulega fækkandi, eins og víðar í fámennum framhaldsskólum á landsbyggðinni, svo að haustið 2016 töldust þeir 166. Um 10 nemendur eru af erlendu bergi brotnir, flestir frá Póllandi. Allir eru þeir mæltir á íslenska tungu og blandast ágætlega að mati kennara (mynd 1).

---

<sup>1</sup> Skólanámskrá – skólasamningur


<sup>2</sup> Skólasamningur

<sup>3</sup> Skólanámskrá



Mynd 1. Fjöldi nemenda í FSA frá vori 2012 til hausts 2016.

Skólaárið 2015–2016 innrituðust 169 nemendur í skólann að hausti en 160 nemendur að vori og er hætt við að ekki sjái enn fyrir þá nemendafækkun sem orðið hefur á síðustu árum því í grunnskólum í Austur-Skaftafellssýslu, Grunnskóla Hornafjarðar og Grunnskólanum í Hofgarði, sem standa að mestu undir aðsókn í FAS fer nemendum fækkandi. Samkvæmt gögnum af vef Hagstofu Íslands er meðalfjöldi ungs fólks á hefðbundnum framhaldsskólaaldri (16–19 ára) í Austur-Skaftafellssýslu 36 en meðalfjöldi elstu fjögurra árganganna í grunnskóla er 25. Aðsókn að FAS úr grunnskólunum tveimur í Austur-Skaftafellssýslu hefur hins vegar verið góð, eða yfir 90%, að undanskildu haustinu 2016 en þá innrituðust einungis um tveir þriðju þeirra sem luku grunnskólaprófi um vorið í FAS. Að öðru leyti hefur þróun í innritun nýnema í FAS að hausti verið með eftirfarandi hætti (mynd 2).



Mynd 2. Fjöldi innritaðra nýnema að hausti 2012–2016.

Haustið 2016 voru tveir þriðju nemendahópsins tvítugir eða yngri og það sama haust voru um 29% nemenda skráðir fjarnemendur. Um 69% nemenda skólans þetta sama haust komu úr Austur-Skaftafellssýslu.

## Námsbrautir

Í FAS er boðið upp á þrjár stúdentsprófsbrautir, framhaldsskólabraut og fjallamennskubraut. Gengið var frá skipulagi brautanna samkvæmt nýrri námskrá á árinu 2015. Skipulag námsins var samþykkt af mennta- og menningarmálaráðuneyti í lok vorannar og á haustönn var kennt samkvæmt nýju skipulagi. Stúdentsnámið er 200 einingar og miðað við að nemendur ljúki því á sex önnum; sumir geta þó lokið því á skemmri tíma og aðrir á lengri. Stúdentsbrautirnar þrjár eru hug- og félagsvísindi, náttúru- og raunvísindi og kjörnámsbraut. Á hinni síðastnefndu er sérhæfing valin í samráði nemanda og skóla. Þar getur verið um að ræða sérhæfingu í starfstengdu námi, listum eða öðru því sem hugur nemanda stendur til. Einingum á framhaldsskólabraut var fækkað úr 120 í 90 en áfram miðað við að ljúka náminu á tveimur árum. Fjallamennskunámið var endurskipulagt með það í huga að ná betur til yngri nemenda en í eldra skipulagi var miðað við að nemendur væru orðnir 18 ára. Jafnframt var gert ráð fyrir að sérgreinar brautarinnar dreifðust á fjórar annir en ekki tvær eins og í fyrra skipulagi. Auk framangreindra brauta er boðið upp á vélstjórnarbraut á A-stigi en námið er enn samkvæmt eldri námskrá. Þá er boðið nám í tækniteiknun í gegnum Fjarmentaskólann í samvinnu við Tækniskólann og samkvæmt námskrá hans.

Skipting nemenda á námsbrautir skólans á árabílinu 2012–2016 hefur verið eins og sjá má í töflu 1.

Tafla 1. Skipting nemenda á námsbrautir eftir kynjum 2012–2016.

Brautir	2012		2013		2014		2015		2016	
	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
Almenn braut	17	2			1	1				
Félagsfræðibraut	24	28	4	2	2			3		
Fjallamennskubraut	5	1	4	3	5	5	2	2		
Framhaldsskólabraut			21	7	20	8	24	9	16	8
Hug- og félagsvísindabraut			15	20	11	24	9	19	7	22
Kjörnámsbraut			4	15	5	8	8	12	15	15
Málabraut	2	6			1					
Náttúru- og raunvísindabraut			16	11	11	12	17	13	12	9
Náttúrufræðibraut	18	17	4	2						
Sjúkraliðabraut				1						
Skipstjórnarbraut	1									
Skrifstofubraut				1						
Starfsbraut	2			1	1	1				
Umhverfis- og auðlindabraut	4	11		1				1		
Vélstjórnarbraut A	7	1	12		13		10		9	
Vélstjórnarbraut B	10									
Viðbótarnám til st.pr. af starfsnámsbraut		2		2		2				1
Tækniteiknun		1			8	13	6	9	1	6
Grunnn. uppl.- og fjölm.		1								
Grunnskólanemendur	2	4	1	5						
Ótilgreint nám	11	53	6	18	10	23	6	17	16	22
	103	127	87	89	88	97	82	85	76	83

Á þessu fimm ára tímabili hefur mest aðsókn verið á hug- og félagsvísindabraut, framhaldsskólabraut, náttúru- og raunvísindabraut og kjörnámsbraut.

### Mætingar og brotthvarf úr skóla

Í skólanámskrá FSA eru nemendur hvattir til þess að vera virkir þátttakendur í eigin námi. Skólastarfið byggir á þeirri sýn að nám sé vinna og leggur skólinn áherslu á að nemendur skipuleggi tíma sinn þannig að þeir séu í samfelldri vinnu allan daginn. Miðað er við að baki hverjum fimm eininga áfanga sé 105 klukkustunda vinna; ýmist í kennslustundum eða sjálfstæðu námi. Heildarvinna nemenda á bak við hverja einingu er því sú sama óháð fjölda kennslustunda á viku.


Skólareglur kveða á um að nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Nemendur þurfa að gera grein fyrir fjarvistum sínum eða semja um þær ef þær eru fyrirsjáanlegar. Þeim ber að tilkynna samdægurs á skrifstofu skólans um veikindi og með minnst dags fyrirvara vegna annarra fjarvista. Nemandi sem er með 95% eða meira í heildarskólasókn á önn fær fyrir það eina námseiningu. Hann þarf að vera skráður í a.m.k. 270 kennslustundir og mæta 95% af þeim. Viðbrögð við óútskýrðum fjarvistum geta hins vegar varðað tiltal af hálfu kennara eða skólastjóra, áminningu eða brottvikningu úr skóla. Á skólaárinu 2015–2016 voru fjarvistir eins og sjá má í töflu 2.

Tafla 2. Fjarvistir haust og vor 2015–2016.

	haust 2015	vor 2016
Veikindi	5,9%	5,2%
Of seint	2,2%	1,2%
Leyfi	1,4%	1,8%
Skróp	16,9%	16,7%

Mikil umræða fer fram meðal kennara um mætingar nemenda. Kveða þeir ákveðins agaleysis gæta meðal ungs fólks að þessu leyti sem jafnframt birtist í því að nemendur mæta illa til vinnu og virða ekki tímamörk. Af hálfu skóla sé helst ekki gripið til brottrekstrar sökum mætinga.

Reglulega eru teknar saman brotthvarfstölur fyrir hverja önn samkvæmt samræmdu skráningarfyrikomulagi í framhaldsskólum landsins. Fylgst hefur verið með hve hátt hlutfall þeirra sem skrá sig í upphafi annar ljúka námi í viðkomandi áfanga (mynd 3).



Mynd 3. Brotthvarf úr námsáföngum í FAS 2010–2016.

Talsvert brotthvarf er að jafnaði á hverri önn og veldur það skólameistara og kennurum áhyggjum. Að meðaltali var brotthvarf um 12% á hverri önn árin 2010 og 2011. Það lækkaði síðan nokkuð á árunum 2012 og 2013 en jókst umtalsvert aftur árin þar á eftir. Algengasta ástæða brotthvarfs, sem kemur fram í svörum nemenda þegar eftir því er leitað, er „fór að vinna“. Þá nefna nemendur einnig tilgangssleysi náms sem ástæðu eða að þeir hafa ákveðið að fara í annan skóla.

### Fjöldi brautskráðra eftir brautum 2012–2016

Frá vori 2012 til vors 2016 hafa 132 nemendur brautskráðst frá FAS af 13 mismunandi námsbrautum (tafla 3).

Tafla 3. Brautskráning af námsbrautum FAS 2012–2016.

	2012		2013	2014	2015	2016	Alls
	Vor	Haust	Vor	Vor	Vor	Vor	
Félagsfræðibraut	9	3	13	1		1	27
Fjallamennskubraut			7		3	2	12
Framhaldsskólabraut						8	8
Hug- og félagsvísindabraut				6	5	7	18
Kjörnámsbraut				3	6	6	15
Málabraut			2				2
Náttúru- og raunvísindabraut				3	1	6	10
Náttúrufræðibraut	7	1	8	4			20
Skipstjórnarbraut	7						7
Starfsbraut 3 og 4			1				1
Vélstjórnarbraut A	1				1		2
Vélstjórnarbraut B	3		3	1	1		8
Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsbrautum				1	1		2
Alls	27	4	34	19	18	30	132

### Fjöldi og stöðugildi kennara og annars starfsfólks

Haustið 2016 starfa alls 22 starfsmenn við FAS, 10 karlar og 12 konur. Þessir starfsmenn deilast á 17,7 stöðugildi, karlar á 7,5 stöðugildi en konur á 10,2 stöðugildi (tafla 4).

Tafla 4. Starfsheiti og fjöldi stöðugilda eftir kynjum haustið 2016.

Starfsheiti	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Starfshlutfall	Fjöldi	Starfshlutfall
Skólameistari	1	1,0		
Áfangastjóri			1	1,0
Fjármálastjóri			1	1,0
Framhaldsskólakennari	6	5,25	5	4,75
Leiðbeinandi	2	0,95	1	0,25
Kerfisfræðingur	1	0,33		
Verkefnisstj. félagslífs og lesstofu			1	1,0
Náms- og starfsráðgjafi			1	0,25
Skrifstofustjóri			1	1,0
Matráður			1	0,9
<b>Samtals</b>	<b>10</b>	<b>7,53</b>	<b>12</b>	<b>10,15</b>

Auk þessara starfa nýtur skólinn starfskrafta sem ráðnir eru af Nýheimum. Þeirra á meðal eru húsvörður, bókasafnsfræðingur og ræstingarfólk. Kostnaður vegna þeirra deilist á milli aðila og reiknast inn í rekstrarframlag skólans til Nýheima.

### Menntun kennara

Við skólann starfa 12 kennarar með full kennsluréttindi (tafla 5).

Tafla 5. Menntun kennara í FSA.

Menntun	Fjöldi kennara
PhD auk kennsluréttinda	
MA/MS/M.Ed.-próf auk kennsluréttinda	1
BA/BS-próf auk kennsluréttinda	11
Önnur menntun auk kennsluréttinda	
Háskólapróf án kennsluréttinda	2
Önnur menntun án kennsluréttinda	1

Í svo fámennum skóla er ekki hægt að tryggja að hver kennari sé menntaður í þeirri grein sem hann kennir en að mestu leyti er reynt að tryggja að svo sé. Að mati skólameistara eru kennarar skólans almennt séð miklir fagmenn og fúsir til að takast á við þau viðfangsefni sem skólinn stendur frammi fyrir.

### Starfsaldur og starfsmannavelta

Skólameistari áætlað að starfsmannavelta geti verið um 20–30% á ári. Haustið 2016 voru ráðnir fjórir nýir starfsmenn en þrír hættu, þar af tveir stundakennarar.

### Forfallakennsla

Af skólans hálfu hafa ekki verið teknar saman upplýsingar um forfallakennslu. Tímar eru ekki felldir niður sökum veikinda eða fjarveru kennara. Ef forföll eru vituð með fyrirvara finnur viðkomandi kennari annan kennara fyrir sig til að annast kennsluna en að öðrum kosti fer starfsmaður á lesstofu inn í tíma og situr yfir nemendum í sjálfstæðri vinnu.

### Árlegur kennslutími

Kennslu- og námsmatsdagar á skólaárinu 2016–2017 eru áætlaðir 180. Til viðbótar eru áætlaðir fjórir vinnudagar kennara til annarra starfa en kennslu og mats. Skólinn hefur lagt niður formleg lokapróf í áföngum en ætlast er til að kennarar sinni fjölbreyttu námsmati jafnt og þétt allan kennslutímann og í mörgum námsgreinum safna nemendur verkefnum/niðurstöðum í námsmöppu (portfolio). Námsmappan er svo lögð fram í lok námstíma og kennari reiknar út lokaeinkunn. Þetta fyrirkomulag á námsmati hefur lengt kennslutímann á hvorri önn.

### Markmið í viðauka með skólasamningi 2013–2015

Í viðauka Skólasamnings 2013–2015 milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og skólans eru sett fram sex meginmarkmið.

Fyrsta markmiðið lýtur að endurskoðun skólanámskrár í ljósi nýrrar aðalnámskrár. Þeirri vinnu lauk á vorönn 2016 eða nokkru síðar en upphafleg markmið gerðu ráð fyrir. Ný skólanámskrá var birt á vef skólans á vorönn 2016. Staðfesting á námsbrautum barst frá ráðuneyti um mitt ár 2015 og endurskoðun á sjálfsmatskerfi lauk á haustönn 2015. Áfram er unnið að endurskoðun á skólanámskrá og sjálfsmatskerfi skólans, einkum með tilliti til þess að gera hlut nemenda í mótun hvors tveggja ríkari. Einnig er unnið að endurskoðun á fjallamenskunáminu til að freista þess að fá í það fleiri nemendur.

Annað meginmarkmiðið kveður á um að auka listnám, verknám og skapandi greinar í FAS í samvinnu við Vöruhúsið á árinu 2014. Þetta markmið náðist á tilskildum tíma. Nú er reglulega boðið upp á kennslu í ljósmyndun, sjónlistum, fatasaumi og kvikmyndagerð, matreiðslu, leiklist, frumkvöðlafræði, grunnteikningu, rafmagnsfræði, málmsmíði og vélstjórnargreinum. Flestar eru þessar greinar kenndar í Vöruhúsinu þar sem skólinn hefur komið sér upp aðstöðu í samvinnu við sveitarfélagið og fyrirtæki í skapandi greinum. Á haustönn 2016 var FabLab aðstaðan í Vöruhúsinu nýtt til kennslu í frumkvöðlafræði. Ítrekað hefur verið við ráðuneyti menntamála að skólinn eignist hlut í Vöruhúsinu til að byggja upp list- og verknám með varanlegum hætti.

Þriðja markmiðið lýtur að samvinnu við aðra framhaldsskóla um starfsnám. Einn liður í því var að koma á myndfundabré milli framhaldsskólanna á Austurlandi. Það mál komst hálfa leið á árinu 2013 en síðan hefur notkun á myndfundabúnaði við kennslu að mestu verið hætt og því má segja að það sé ekki lengur á dagskrá. Í öðru lagi náðu áform sem sett voru fram um fiskvinnslunám ekki fram að ganga en unnið var að markmiðunum í samvinnu við Fisktækniskólann. Í þriðja lagi gengu áform um nám í ferðaþjónustu ekki eftir. Samræður hafa verið um uppbyggingu náms í ferðaþjónustu við Rannsóknarsetur Háskóla Íslands í Nýheimum, Ríki Vatnajökuls og Fræðslunet Suðurlands en hafa ekki leitt til formlegra verkefna.

Fjórdi markmiðið er að vinna skuli að samstarfi framhaldsskóla á austurhluta landsins ásamt hugmyndum um fjarnám til stúdentsprófs í samvinnu við aðra framhaldsskóla. Viðfangsefnið varð að þróun Fjarmentaskólans sem nú er vettvangur þrettán framhaldsskóla á landsbyggðinni. Unnið var að tveimur þróunarverkefnum á vegum hans starfsárið 2014–2015 sem lauk með ráðstefnu í Borgarnesi í apríl 2015. Verkefnin voru annars vegar um uppbyggingu starfsnáms og hins vegar um samstarf um kennslu. Fjarmentaskólinn byggir á þremur stöðum. Í fyrsta lagi sameiginlegu starfsnámsframboði sem byggir á fjar- og lotunámi. Í öðru lagi miðlun náms og kennslu á milli skóla og í þriðja lagi er skólinn samráðsvettvangur skóla á landsbyggðinni sem að mörgu leyti glíma við sömu eða sambærileg úrlausnarefni.

Fimmta meginmarkmið samningsins lýtur að fjallamennskunámi. Námsbrautarlýsing fékkst staðfest um mitt ár 2015 en þar sem botninn datt úr náminu á haustönn 2015 vegna fárra nemenda hefur verið unnið að allsherjar endurskoðun, m.a. í samráði við University of the Highlands and Islands í Skotlandi

Sjötta og síðasta meginmarkmiðið er að taka upp skráningarkerfi á brottfalli frá vorönn 2013 í samræmi við eyðublað frá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Það markmið hefur að fullu gengið eftir.

## Viðmið og vísbendingar

### Páttur 1: Stjórnun og skipulag

**Viðmiðanir:** Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunngildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilferlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

### Mat á stjórnun og skipulagi:

#### 1.1. Um stefnu og áætlanir

*Skólinn setur sér markmið sem byggjast á lögbundnu hlutverki hans og stefnu eins og lýst er í skólanámskrá og umbótaáætlunum í samræmi við niðurstöður úr innra mati á starfsemi hans. Í skólanámskrá er fjallað um stefnu skólans og framtíðarsýn, auk sérstöðu hans, eða sérstakar áherslur í starfi, t.d. með hliðsjón af staðháttum eða þjónustu við tiltekna markhópa. Skólameistari vinnur að stefnumótun og gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir skólann til þriggja ára í senn og ber undir skólanefnd. Þar skal skilgreina nánar meginmarkmið og verkefni skólans. Markmið skólans á því tímabili snerta alla mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal nemendur, námsframboð, nám, gæði kennslu, stoðþjónustu, stjórnun, starfsmannahald og fjármál. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir áherslum skólans og leiðum til að stuðla að góðum skólabrag, þ.á m. með tilliti til grunnpáttanna sex: heilbrigðis og velferðar, lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis, sköpunar, sjálfbærni og læsis í víðum skilningi.*

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólastefnu.	S	M		
2. Stefna skólans endurspeglast í öllum starfsháttum hans.		X		
3. Áætlanir um það hvernig skólinn hyggst koma stefnu sinni í framkvæmd eru til staðar.		X		
4. Það fer fram víðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.	S	M		
5. Grunnpættir menntunar eru sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.		X		

#### 1.2. Um stjórnendur

*Með framkomu sinni og stjórnunarháttum hvetja stjórnendur starfsmenn og styðja við bakið á þeim. Sem fyrirmyndir velta stjórnendur fyrir sér settum markmiðum og gildum og hvetja starfsmenn til að gera slíkt hið sama. Gagnsær stjórnunarstíll sem byggist á gagnkvæmri endurgjöf, trausti og opnum samskiptum stuðlar að bættum árangri stofnunar.*



### Vísbendingar

	A	B	C	D
6. Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.	X			
7. Það ríkir traust til stjórnenda innan skólans.	S	M		
8. Stjórnendur virkja starfsfólk til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.	X			
9. Stjórnendur virkja nemendur og foreldra til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.		S	M	
10. Stjórnendur vinna að því að skapa traust milli sín og starfsmanna.		M	S	

### 1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur

Stjórnendur koma stefnum og áætlunum í framkvæmd með því að forgangsraða, setja tímamörk, sjá til þess að til staðar séu viðeigandi ferli, skilgreind verkefni og stjórnskipulag. Í skólanámskrá skulu vera verklagsreglur sem gilda um meðferð og úrlausn mála, þar á meðal varðandi námsmat, fjarvistir, veikindi og sérúrræði, skólasókn og námsframvindu. Þar skulu einnig vera upplýsingar um viðurlög við brotum á skólareglum og reglur um meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
11. Skipurit skólans endurspeglar raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks.	S	M		
12. Stefnan í skólanámskrá endurspeglast í starfsháttum skólans.		X		
13. Reglulega er fylgst með því að unnið sé samkvæmt verklagsreglum skólans.		X		

### 1.4. Um innra mat

Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans, til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hans hefur verið náð. Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun/sjálfsmatsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
14. Skólinn hefur skilgreint skýr matsviðmið til nota við innra mat.	S	M		
15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu gagnanna.	X			
17. Innra mat byggir á þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.	X			
18. Líðan nemenda er markvisst könnuð.	X			
19. Innra mat skólans leiðir til skýrrar niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins.	S	M		
20. Niðurstöður innra mats eru markvisst notaðar við að þróa skólann.	S	M		

## Páttur 2: Kennsla og námsframboð

**Viðmiðanir:** Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

### Mat á kennslu og námsframboði:

#### 2.1. Um nám og kennslu

*Í framhaldsskólum gefst nemendum kostur á að velja sér fjölbreyttar námsbrautir sem veita margs konar undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á hæfni nemenda að loknu námi krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Til að öðlast lykilhæfni þurfa nemendum að gefast ríkuleg tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum.*

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
21. Skólinn hefur yfir að ráða fagmenntuðum kennurum til að kenna áfanga á námsbrautum skólans.		X		
22. Kennsluhættir eru fjölbreyttir.		X		
23. Kennsluhættir eru til þess fallnir að koma til móts við ólíka nemendur og ólík viðfangsefni í kennslu.		X		
24. Kennslustundir eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur.		X		
25. Kennsluhættir hvetja til virkrar þátttöku nemenda í kennslustundum.		X		
26. Kennsluhættir ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.		X		
27. Nemendur eru þjálfaðir í að hugsa á gagnrýninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.		X		
28. Góður vinnufriður er í kennslustundum.		X		

#### 2.2. Um kennsluaðstæður/stuðning við nemendur

*Mikilvægt er að veita nemendum með sérþarfir kennslu og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og tök eru á að veita, samanber gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir. Það er ýmist gert með því að bjóða fram nám á námsbrautum fyrir fatlaða eða veita þeim sérstakan stuðning á öðrum námsbrautum framhaldsskóla. Vinnustaðanám og starfsþjálfun eiga að veita nemendum mikilvæg tækifæri til að hagnýta þekkingu sína og leikni og öðlast þar með hæfni til þátttöku í atvinnulífinu.*

### Vísendingar

	A	B	C	D
29. Nemendur með sérþarfir fá nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám.		S	M	
30. Skólinn aðstoðar starfsnámsnemendur við að komast í starfsþjálfun.		X		

### 2.3. Um námsmat

*Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa. Námsmat miðar einnig að því að afla vitneskju um árangur skólustarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem á að meta á áreiðanlegan hátt.*

### Vísendingar

	A	B	C	D
31. Skólinn gerir nemendum skýra grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.		X		
32. Námskröfur í áföngum eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár.		X		
33. Niðurstöður námsmats eru notaðar markvisst til að bæta kennsluhætti.			X	

### 2.4. Um kennara

*Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennararnir eru mikilvægasta auðlind skólans. Kennurum ber að viðhalda og auka starfshæfni sína í gegnum starfsmenntun og faglegt samstarf við aðra kennara.*

### Vísendingar

	A	B	C	D
34. Kennarar sækja reglulega starfsmenntun til að viðhalda hæfni sinni í starfi.		X		
35. Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.	X			
36. Kennarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans og utan.	S	M		
37. Kennarar fá reglulega endurgjöf á kennsluna frá öðrum kennurum eða matsaðilum.		X		

## 2.5. Um námsgögn

*Námsgögn hvers konar gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki til að ná markmiðum skólastarfs. Námsgögn, kennsluáferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmat á allt að taka mið af skilgreindum hæfniviðmiðum og grunnþáttum og vera þannig útfært að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ýtrasta. Námsgögn skulu vera fjölbreytt og vönduð og taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða. Skólasöfn gegna lykilhlutverki við að skapa skilyrði til að þroska og efla skilning nemenda á eðli upplýsinga og gagna sem þeir þurfa að hafa aðgang að í námi sínu og stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.*

### Vísbendingar

	A	B	C	D
38. Fjölbreytt og góð námsgögn eru notuð í kennslu.		X		
39. Skólinn notar námssumsjónarkerfi með virkum hætti til að miðla námsgögnum.		X		
40. Skólinn notar rafræn námsgögn og hjálpartæki með markvissum hætti.		X		
41. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til verklegrar kennslu.	X			
42. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til bóklegrar kennslu.	M	S		
43. Skólasafn skólans er búið fullnægjandi bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.	M	S		

### Þáttur 3: Samskipti og líðan

**Viðmiðanir:** Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

#### Mat á samskiptum og líðan:

##### 3.1. Um skólabrag

Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tókum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum. Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi.

##### Vísbendingar

	A	B	C	D
44. Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.		X		
45. Nemendum líður vel í skólanum.		X		
46. Farið er eftir ferli við brotum á skólareglum.			X	

##### 3.2. Um samskipti í skólastofunni

Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Þetta gerir kröfu um að nemendur samþætti þekkingu sína og leikni, um leið og þeir fá tækifæri til að hjálfa félagshæfni, sem byggir á siðgæði og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemendur æfist í að tjá skoðanir sínar og skýra verklag á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt.

##### Vísbendingar

	A	B	C	D
47. Góður andi ríkir í skólastofunni.	S			
48. Samskipti í skólastofunni einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu.	S			
49. Skólinn kemur gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur innan og utan skólastofunnar.		X		

### 3.3. Um félagslíf nemenda

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag sem vinnur meðal annars að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér lög um starfssvið og starfshætti og starfar á ábyrgð skóla sem sér því fyrir starfsaðstöðu. Skólum er heimilt að styrkja félögin fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu reglum og bókhald skólanna. Nemendur kjósa fulltrúa í skólaráð og tilnefna fulltrúa á skólafund og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í skólanámskrá skulu vera upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans.

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
50. Nemendafélag skólans heldur uppi öflugu félagsstarfi fyrir nemendur.		X		
51. Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans.		X		
52. Skólinn styður við félagsstarf nemenda.	X			
53. Jafnrétti og lýðræði einkennir félagsstarf nemenda.	M	S		

### 3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn

Mikilvægt er að framhaldsskólar vinni að skipulegri samvinnu heimilis og skóla. Foreldraráð skal starfa í hverjum skóla og eiga forsjárforeldrar/forráðamenn allra nemenda skólans rétt á aðild að því. Stjórn foreldraráðs tilnefnir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Hlutverk ráðsins er samkvæmt lögum að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og, í samstarfi við skólann, efla samstarf foreldra og forráðamanna ólöggráða nemenda við skólann.

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
54. Forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila.			X	
55. Foreldrar eru vel upplýstir um skólastarfið.		M	S	
56. Foreldraráð styður við skólastarf og gætir hagsmuna nemenda.			M	S

### 3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla og framhalds- og háskóla. Til að tryggja samfellu og stuðla að velferð nemenda er mikilvægt að milli grunnskóla og framhaldsskóla séu virk tengsl og miðlun upplýsinga eigi sér stað. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er skólunum heimilt að bjóða upp á nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á þriðja hæfniprepi. Framhaldsskólar skulu alltaf auglýsa nám á fjórða þrepi í framhaldsskólaeiningum. Samstarf framhaldsskóla og atvinnulífs er forsenda þess að skólakerfið geti brugðist við þörfum atvinnulífsins og jafnframt boðið upp á fjölbreytt nám sem nýtist nemendum í störfum að námi loknu.

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
57. Skráð og virk tengsl eru við grunnskólastig um nám nemenda.	X			
58. Skráð og virk tengsl eru við háskólastig um nám nemenda.				X
59. Skráð og virk tengsl eru við atvinnulíf um nám nemenda.		S	M	

## Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður

**Viðmiðanir:** Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

### Mat á húsnæði og aðbúnaði:

#### *Vísbendingar*

	A	B	C	D
60. Kennsluhúsnæði skólans er fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.		X		
61. Skólinn leggur sig fram um að gera skólahúsnæðið aðlaðandi.	M			
62. Skólinn býr yfir/hefur aðgang að fullnægjandi íþróttaaðstöðu.		S	M	
63. Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.		M		S
64. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga kost á fullnægjandi vinnuaðstöðu í húsnæði skólans.	X			
65. Skólinn hefur fullnægjandi mótuneytisaðstöðu.		X		
66. Tölvukostur skólans er fullnægjandi.		X		

## Þáttur 5: Lykilárangur

**Viðmiðanir:** Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólastarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólastarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

### Mat á lykilárangri:

#### 5.1. Um námsárangur

Námi við framhaldsskóla lýkur með lokaprófi sem gefur réttindi á næsta skólastig, veitir starfsréttindi eða býr nemandann með fullnægjandi hætti undir frekara nám og þátttöku á vinnumarkaði. Lokapróf eða lokaumsögn nemanda á að segja til um hversu vel nemandinn er undir það búinn að takast á hendur nám á næsta skólastig eða til starfa á vinnumarkaði. Skólinn tryggir að gerðar séu eðlilegar og hæfilegar kröfur til nemenda í námsmati. Nemandinn, viðtökuskólar og atvinnulíf getur treyst því að lokapróf meti á réttmætan og áreiðanlegan hátt hversu vel nemandanum hefur tekist að afla sér þeirrar hæfni sem ætlast er til af aðalnámskrá og skólanámskrá.

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
67. Nemendur sýna ásættanlegar framfarir í námi samkvæmt markmiðum skólans.		S	M	
68. Útskriftarhlutfall skólans er ásættanlegt samkvæmt markmiðum skólans.			M	
69. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.			X	

#### 5.2. Um árangur í grunnþáttum

Við lok framhaldsskóla þarf nemandi að standa á eigin fótum og taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi á sömu forsendum og aðrir. Nemendur í framhaldsskóla taka út mikilvægan þroska á framhaldsskólaárunum og framhaldsskólum ber skylda til að stuðla að því að nemendur sem ljúka námi hafi fengið tækifæri til að þroska með sér þá hæfni sem þykir nauðsynleg til að einstaklingurinn geti mótað framtíð sína á farsælan hátt fyrir sjálfan sig og samfélagið. Grunnþættir menntunar eiga að leiðbeina framhaldsskólum við að vinna að þessu markmiði en þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Í aðalnámskrá framhaldsskóla eru grunnþættirnir tengdir við markmið sem snúa að hæfni nemenda, svokallaðri lykilhæfni. Í vísbendingum er gefinn kostur á að meta árangur nemenda á einstökum lykilhæfniþáttum ef skólinn hefur kannað þá með einhverjum skipulögðum hætti.



### Vísbendingar

	A	B	C	D
70. Nemendur hafa tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti.		X		
71. Nemendur eru skapandi í hugsun og sýna frumkvæði við hagnýtingu þekkingar.	X			
72. Nemendur hafa tileinkað sér lýðræðisvitund og virðingu fyrir mannréttindum.		X		
73. Nemendur hafa skilningu á og sýna virðingu fyrir jafnrétti.		X		
74. Nemendur bera ábyrgð á eigin velferð og heilbrigði.		X		
75. Nemendur hafa skilning á sjálfbærni og eru meðvitaðir um umhverfi sitt.	X			

### 5.3. Um langtímaárangur

Þjóðfélagið væntir þess að framhaldsskólar starfi með hag nemenda sinna að leiðarljósi sem og samfélagsins alls. Þetta kemur fram með tvennum hætti, að nemendur skólans nái að dafna í námi og starfi og að skólinn þróist á eðlilegan hátt sem endurspeglar aðstæður á hverjum tíma.

Fæstir skólar hafa nokkur gögn um afdrif nemenda eftir brautskráningu enn sem komið er. Þó hefur færst í vöxt að skólar haldi sambandi við fyrrverandi nemendur og kanni hvernig þeim hefur farnast t.d. með könnunum eða með upplýsingum um gengi nemenda í háskóla eða öðru námi. Eftirfarandi vísbendingar eru til þess gerðar að gefa skólum færi á að koma á framfæri upplýsingum um afdrif nemenda ef slíkar upplýsingar liggja fyrir en ekki er hægt að gera kröfu til þess að allir skólar hafi metið þessa þætti.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
76. Skólinn kannar reglulega hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum.		X		
77. Nemendur skólans ná árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi, eftir eðli náms.		S		
78. Skólinn hefur sýnt að hann lagar sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.	X			

## Viðauki

### Umsögn ytri matsaðila um stjórnun og skipulag (styrkleikar/veikleikar)

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu (FAS) starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og þeirra hlutverka sem þar eru skilgreind. Sýn og stefna skólans koma fram í skólanámskrá sem birt er á heimasíðu hans. Þar segir um sýn skólans:

Kjörorð Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu er: „*Nám er vinna og um leið félagslegt ferli*“ og „*Skólinn þjónar þér*“. Samvinna í námi og félagslífi er hornsteinn skólustarfsins sem byggir á þeirri sýn að nám sé vinna en um leið félagslegt ferli. Lögð er áhersla á að skólinn þjóni þörfum nemenda á persónulegan hátt með sveigjanlegu og metnaðarfullu námsframboði og að hann mæti kröfum samfélagsins hverju sinni.

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu leggur áherslu á tengsl við nærsamfélagið og náttúru svæðisins í náminu og á að nemendur tileinki sér sjálfstæð, lýðræðisleg og skapandi vinnubrögð. Þá er lögð rík áhersla á nám nemenda utan við hefðbundnar skólastofur, m.a. með lengri og skemmri námsferðum, rannsóknum á náttúrufari og samfélagi og þátttöku í alþjóðlegum nemendaskiptum. Þátttaka nemenda í félagslífi er einnig mikilvægur hluti námsins.

Um skólabrag er þetta sagt:

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu er fámennur og persónulegur skóli sem setur lýðræði og jafnrétti í forgrunn í stjórnun, kennslu, félagslífi og samskiptum starfsfólks og nemenda. Einnig er áhersla á heilsueflandi lífsstíl. Skólinn leggur áherslu á góða og persónulega þjónustu við nemendur, þar sem þarfir þeirra og kröfur skólans fara saman. Skólinn býr nemendum og kennurum skapandi vinnuumhverfi og svigrúm til sjálfstæðis og frumkvæðis í starfi. Lögð er áhersla á umhyggju, gagnkvæma virðingu og jákvæð og uppbyggileg samskipti starfsfólks og nemenda skólans. Á skrifstofum starfsmanna eru dyr almennt opnar sem endurspeglar opin samskipti nemenda og kennara.

Þessari stefnumótun til áréttingar eru nokkur stefnuskjöl birt í skólanámskrá. Þau eru eftirfarandi í stafrófsröð: Eineltisstefna, Heilsu- og forvarnastefna FAS, Jafnréttisstefna, Meðferð ágreiningsmála, Reglur um tóbak og vímuefni, Starfsmannastefna, Tengsl við samfélagið, Umhverfisstefna, Viðbrögð við óvæntum atburðum. Þessum stefnuskjölum til viðbótar eru þau markmið með skólasamningi 2013–2015 sem fjallað var um í síðasta kafla.

Af framangreindu verður ekki annað séð en FAS hafi markað sér skýra sýn og stefnu og sum tilgreindra atriða eru mjög sýnileg í daglegu starfi, s.s. vettvangsnám, alþjóðlegt samstarf og opin samskipti nemenda, kennara og annars starfsfólks. Skólafundur, skv. 9. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, er haldinn einu sinni á ári og oftast ef þurfa þykir. Skólameistari boðar fund, skipuleggur hann og stýrir honum. Þar eru ræddar stefnumótandi ákvarðanir skólans. Fundargerðir skólafunda eru lagðar fram í skólanefnd. Óformlegt samráð er mikið en takmörkuð regla á því formlega. Þannig fundar skólanefnd frekar óreglulega, þrisvar til fjórum sinnum á ári, en fundargerðir er ekki að finna á vef skólans, skólaráð er lítið virkt og samstarf við foreldraráð af skornum skammti. Ársskýrsla fyrir árið 2014 lá fyrir er úttektaraðilar heimsóttu skólann og ársskýrsla fyrir árið 2015 leit dagsins ljós meðan þessi skýrsla var í vinnslu.

Stjórnunarrými FAS er opið og greiður aðgangur er að kennurum jafnt sem öðrum starfsmönnum. Í viðtölum við nemendur kom glögg fram að þeim þykir mjög þægilegt að geta ævinlega gengið að kennurum sínum án þess að þurfa að fara fyrst um lokaðar dyr.


Í árlegri könnun SFR stéttarfélags í almannathjónustu um Stofnun ársins varð FAS í tólfta sæti árið 2016 af fimmtíu meðalstórum stofnunum með einkunnina 4,245. Það var lítils háttar

lækkun frá árinu á undan þegar skólinn var hástökkvari ársins með einkunnina 4,408 og í fimmta sæti meðalstórra stofnana.

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu er sökum smæðar sinnar með einfaldan stjórnunarstrúktúr sem skólameistari lýsir á eftirfarandi hátt í *Ársskýrslu 2015*:

Samanber skipurit skólans þá einkennist stjórnunin að mestu leyti af tveimur lögum þar sem starfsmenn heyra beint undir skólameistara. Kennarar og aðrir starfsmenn hafa þó hver sitt starfssvið og bera þar mismikla ábyrgð. Þannig er starfsmaður sem er áfangastjóri í hlutastarfi og gegnir einnig hlutverki aðstoðarskólameistara. Annar kennari sér um erlend samskipti. Sá þriðji er sérstakur tengiliður við list- og verkgreinastarfið sem fram fer í Vöruhúsinu. Þannig mætti áfram telja upp útteilingu ábyrgðar og starfssviða innan skólans.

Af framansögðu leiðir að skipurit FAS er einfalt að gerð og engin formleg yfirstjórn er til staðar að frátöldum skólameistara sem hefur þó áfangastjóra og fjármálastjóra sér til aðstoðar. Það er álit úttektaraðila að íhuga þurfi vandlega hvort ekki sé rétt að formgera yfirstjórn þessara þriggja aðila. Skólaráð kemur hvergi fram í skipuritinu og hlutverk og staða verkefnisstjóra innan þess eru óljós. Engin tilraun er gerð til þess að sýna námsskipulag stofnunarinnar.



Þegar stjórnskipun er með þeim hætti sem hér er lýst má glögg sjá að staða skólameistara getur verið viðkvæm. Nálægð er mikil í starfsmannahópnum og í svörum kennara kemur fram að þeir bera fullt traust til yfirmanns síns og telja hann gegna skýru faglegu leiðtogahlutverki. Hins vegar telja þeir að hann geti betur sinnt því að skapa gagnkvæmt traust á milli aðila. Undir það taka nemendur sem finnst skólameistari ekki bera það traust til þeirra sem þeim ber.

Reglubundið sjálfsmat hefur lengi farið fram í FAS og á heimasíðu skólans eru birtar sjálfsmatsskýrslur allt frá árinu 2006. Þar er einnig birt verk- og framkvæmdaáætlun 2015–2019 sem sýnir hvernig sumir matsþáttanna eru alltaf eða oftast til skoðunar en aðrir sjaldnar. Með töflunni fylgir ítarleg skýrsla þar sem meðal annars er útskýrt hvað býr að baki þáttanna hvers um sig.

Tafla 1. Verk- og framkvæmdaáætlun frá haustönn 2015 til vorannar 2019

Matsþættir	H15	V16	H16	V17	H17	V18	H18	V19
Kennarafundir	X	X	X	X	X	X	X	X
Miðannarviðtöl	X	X	X	X	X	X	X	X
Umsjónarviðtöl	X	X	X	X	X	X	X	X
Uppgjörsskýrslur	X	X	X	X	X	X	X	X
Starfsmannaviðtöl		X		X		X		X
Kennitölur	X	X	X	X	X	X	X	X
Áfangamat nemenda	X			X	X			X
Mat á skólastarfi							X	
Mat fyrrverandi nemenda			X					
Mat samfélags					X			
Nemendafundir		X		X		X		X
Mat rýnihópa nemenda		X		X		X		
Umbótamat	X	X	X	X	X	X	X	X
Uppgjörsfundir		X		X		X		X
Skimunarpróf			X				X	
Skólanefndarfundir	X	X	X	X	X	X	X	X
Sjálfsmatsskýrslur		X		X		X		X

Yfirlýst markmið FAS er að sjálfsmatið sé umbótamiðað og í fyrrnefndri skýrslu segir að hugmyndir að viðfangsefnum séu ræddar á kennarafundi sem tekur svo ákvörðun um hvað kanna á. Áhersla er lögð á fjölbreyttar matsaðferðir, svo sem vettvangsathuganir og viðhorfskannanir. Að fengnum niðurstöðum eru þær ræddar og teknar ákvarðanir um aðgerðir þar sem þeirra er þörf. Loks segir að mælingar séu endurteknar til að meta árangurinn. Á þennan hátt tekur allur kennarahópurinn þátt sem á bæði að stuðla að umbótum og efla samkennd í hópnum.

Markmiðssetningin er alla jafna skýr og leiðir til umbótaþátta sem getið er í sjálfsmatsskýrslum en þeir eru sjaldan tímasettir og yfirleitt eru ekki skilgreindir ákveðnir ábyrgðaraðilar fyrir hverjum lið. Á móti kemur að það er gerð allgóð grein fyrir vinnu að umbótum og sagt frá árangri af starfinu í síðustu ársskýrslum skólans.

### Styrkleikar

- Stefnuskjöl FAS eru ítarleg og taka til allra lögbundinna þátta.
- Mörg stefnumiða FAS koma vel fram í daglegum starfsháttum skólans.
- Vel hefur gengið að uppfylla þau markmið sem sett voru fram í viðauka með síðasta skólasamningi.
- Óformlegt samráð er mikið meðal starfsfólks.
- Nemendur hafa greiðan aðgang að kennurum og öðru starfsfólki.
- Sjálfsmat FAS er reglubundið og umbótamiðað.

### Tækifæri til umbóta

- Formlegt samráð á vettvangi skólanefndar þarf að gera reglubundnara, nauðsynlegt er að koma á virku skólaráði og koma samstarfi við foreldraráð á fastan grundvöll.
- Skipurit skólans nær ekki til allra skilgreindra stjórnunareininga og staða verkefnisstjóra er óljós innan þess.
- Íhuga þarf vandlega hvort ekki sé rétt að formgera yfirstjórn skólameistara, áfangastjóra og fjármálastjóra.
- Vinna þarf skipulega að því að endurheimta traust nemenda til skólameistara um það sem snýr að að félagslífi þeirra.
- Setja þarf umbótaáætlanir fram með skýrari hætti í sjálfsmatsskýrslum skólans.

## Umsögn ytri matsaðila um kennslu og námsframboð (styrkleikar/veikleikar)

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu samþykkti nýskipan alls náms við skólann á vordögum 2015 og hóf kennslu samkvæmt nýrri námskrá þá um haustið. Námsframboðið tekur mið af stærð og þar með getu skólans til þess að halda úti fjölbreyttu námi, meðal annars með öflugum samstarfi við aðra framhaldsskóla innan Fjarmentaskólans. Skólinn býður þrjár námsbrautir (200 einingar) til stúdentsprófs. Þar er mest nýnæmi að kjörnámsbraut sem gefur nemendum kost á sérhæfingu sem valin er í samráði nemanda og skóla, s.s. í starfstengdu námi, listum eða öðru sem hugur nemanda stendur til. Áhersla er lögð á að valið fari fram á röklegum forsendum hvers einstaklings og þess sem hann ætlar sér. Með þessu gefst til dæmis kostur á að sérmennta nemendur sem stefna á nám í listaháskóla.

Þessu skylt má telja að reglulega er boðið nám í ljósmyndun, sjónlistum, fatasaumi, kvikmyndagerð, matreiðslu, leiklist, frumkvöðlafræði, grunnteikningu, rafmagnsfræði, málmsmíði og vélstjórnargreinum. Flestar greinarnar eru kenndar í Vöruhúsinu þar sem skólinn hefur komið upp aðstöðu í samvinnu við sveitarfélagið og fyrirtæki í skapandi greinum. Þar er einnig FabLab aðstaða sem hefur nýst til kennslu í frumkvöðlafræði. Skólinn hefur ítrekað leitað eftir því að hann eignist hlut í Vöruhúsinu til að byggja upp með varanlegum hætti list- og verknám við skólann en af því hefur ekki orðið.

Aðrar námsbrautir en stúdentsprófsbrautir eru framhaldsskólabraut og fjallamennskunám (báðar 90 einingar) sem er einstætt í íslensku framhaldsskólakerfi og miðar að því að mæta þörfum nemenda og fyrirtækja fyrir menntun á sviði fjallamennsku. Þá er ótalið nám á A-stigi vélstjórnar sem er unnið í samvinnu við Tækniskólann og samkvæmt kennsluáætlunum þaðan. Nemendur eru brautskráðir með skírteini sem er undirritað af skólameistara FAS og Tækniskólans. Svipað gildir um nám í tækniteikningu sem er boðið um Fjarmentaskólann í samvinnu við Tækniskólann og eftir námskrá hans.

Vegna síminnkandi nemendahóps hefur verið unnið að endurskoðun fjarnáms með það að markmiði að fjölga fjarnemum svo hægt sé að halda nauðsynlegri breidd í námsframboði sem kennarahópnum.

Námsbrautalýsingar hafa verið staðfestar af mennta- og menningarmálaráðuneyti, þær eru fullnægjandi og eru aðgengilegar á vef skólans. Inntökuskilyrði eru tilgreind og við stúdentsprófsbrautir eru nefndir vænlegir möguleikar til framhaldsnáms. Faggreinamenntaðir kennarar annast kennslu í flestum áföngum.

Vísbendingar 22–28 voru allar lagðar fyrir nemendur í spurningakönnun og tvær þeirra að auki fyrir kennara. Niðurstaðan er sú að nemendur taka ívið gagnrýnni afstöðu en kennarar og í mati skólans er valin sú leið að fylgja svörum nemenda. Athyglisvert er að stærstur hluti nemenda segir fjölbreytni kennsluhátta aðeins ásættanlega og vinnufriður í kennslustundum fær sömu einkunn.

Í tengslum við allar þessar vísbendingar skal nefnd áhugaverð tilraun sem ráðist var í haustið 2013 og skólameistari lýsir svo í *Ársskýrslu 2015*:

Haustið 2013 var tekin ákvörðun um að mæting á lesstofu yrði hluti af einkunn nemenda í hverjum áfanga og myndi gilda 5% af heildareinkunn áfangans. Ástæðan var fyrst og fremst vegna þess að nemendur voru ekki nægilega virkir fyrir utan kennslustundir. Markmiðið með lesstofuskyldunni er að auka virkni nemenda utan kennslustunda og skapa þann vinnuþátt að vinna nemenda fari fram á skólatíma og í skólanum sjálfum. Lítil nýting til náms á lesstofunni á sínum tíma var einnig ein af ástæðum þess að ákveðið var að gera nám nemenda FAS á lesstofu að skyldu enda var það mat kennara á þeim tíma að breyta þyrfti viðhorfi nemenda til lesstofunnar og nýtingu þeirra á henni.

Í dag er ástandið allt annað. Þrátt fyrir talsverða óánægju nemenda er lesstofan mikið notuð af þeim til náms. Starfsfólk skólans hefur tekið eftir því að hægt og sígandi hafa nemendur nýtt sér lesstofuna í sífellt meira mæli á prófatíma en vert er að geta þess að ekki er skylda að mæta á lesstofuna þegar próf eru í gangi. Fyrir tíma lesstofuskyldunnar voru það eingöngu örfáir

nemendur sem nýttu sér lesstofuna til náms á prófatíma. Í dag er raunin önnur. Lesstofan er mikið notuð og nemendur vinna mikið saman að prófaundirbúningi. Það er því mat starfsfólks skólans að mikilvægt sé að halda lesstofuskyldunni áfram að sinni en endurmeta stöðuna reglulega.

Reglan sem unnið er eftir er sú að í hverjum fimm eininga hefðbundnum áfanga verða nemendur að vera vikulega minnst eina klukkustund á lesstofu til viðbótar fjögurra klukkustunda kennslu. Merkt er við mætingar í lesstofuna og hefur niðurstaðan áhrif á einkunn. Í *Sjálfsmatsskýrslu 2015–2016* kemur fram að fylgst hefur verið kerfisbundið með afstöðu nemenda til lesstofuskyldunnar með því að leggja fyrir þá eftirfarandi fullyrðingu í áfangamati (fimm stiga kvarði): „Lesstofuviðveran gagnast mér í áfanganum.“ Haustið 2013 voru 27% nemenda yrðingunni sammála og 58% ósammála. Haustið 2015 hafði orðið mikil viðhorfsbreyting því þá reyndust 46% sammála en 23% ósammála. Aðrir tóku ekki afstöðu.

Lesstofuviðveruna má telja til viðbragða skólans til þess að sporna gegn brotthvarfi. Samkvæmt síðustu sjálfsmatsskýrslu skólans nam brotthvarf úr einstökum áföngum 11–13% frá vori 2010 til hausts 2011, 7–10% frá vori 2012 til hausts 2013 en frá vorönn 2013 hefur línan legið upp á við (með einni undantekningu) og var 17–19% skólaárið 2015–2016. Það eru háar tölur og í *Ársskýrslu 2015* fjallar skólameistari um helstu ástæður. Þar kemur fram að á vorönn 2015 hurfu alls ellefu nemendur frá námi, eða tæp 7%. Tilgreind ástæða var „fór að vinna“ hjá sex þeirra. Tveir nefna tilgangleysi náms, tveir fóru í annan skóla og hjá einum voru námsörðugleikar ástæðan. Á haustönn 2015 hurfu fimm nemendur frá námi eða rúmlega 3%. Ástæðan hjá einum var vinna en fjórir nefndu aðrar ástæður eins og annir og fjárhagsstöðu.

Í samtali við áfangastjóra sem hefur drjúga reynslu að baki hvað varðar vinnu við sjálfsmat í FAS kom fram sú skoðun að mikið brottfall úr skólanum sé í reynd samfélagsmein. Sagan sýni að einkunnir úr tíunda bekk grunnskóla hafi mikið forspárgildi um áframhaldandi gengi í framhaldsskóla og þessar einkunnir hafi lengi verið mjög lágar á Höfn sé litið til landsmeðaltals. Þá beri einnig að nefna gamalgróna vinnumenningu á Höfn og frekar lágt menntunarstig íbúanna sem hvort tveggja hafi áhrif á afstöðu hluta hópsins til skólagöngu. Þetta viðhorf fékk stuðning í fleiri viðtölum og fram kom að skólinn á í talsverðum erfiðleikum með að keppa við vinnumarkaðinn um tíma og viðveru nemenda.

Verkefnum við náms- og starfsráðgjöf var deilt á tvo starfsmenn haustið 2016 og hluti verkefnanna færður til starfsmanns sem hefur umsjón og veitir aðhald við nám á framhaldsskólabraut, alls um 20% starfshlutfall. Um þriðjungur nemenda er með einhvers konar greiningu í farteskinu.

Á vorönn 2016 var ákveðið innan kennarahópsins að frá og með næstu haustönn skyldu allir áfangar vera símatsáfangar án lokaprófs. Um þessa ákvörðun er ekki full samstaða en af henni leiðir meðal annars að skil kennslu- og prófatíma falla alveg niður og nýting skólatímans mun taka talsverðum breytingum. Mat verður lagt á þetta fyrirkomulag að loknu yfirstandandi skólaári. Bornar verða saman einkunnir fyrir og eftir breytingar, rætt verður við nemendur og verkefnið rætt á fag- og kennarafundum.

Kennarar eru samdóma um að þeir séu hvattir af skólameistara til þess að sækja sér endurmenntun en nokkur misbrestur er á að allir sinni því kalli sem skyldi. Vegna fjarlægðar frá helstu endurmenntunarstofnunum og háskólum landsins eru allmiklir annmarkar á að sækja sér þessa menntun þótt fullur vilji sé til. Sé litið til skólasamfélagsins á Höfn í heild sinni og hvernig það getur brugðist við ákveðinni faglegru einangrun vegna landfræðilegra aðstæðna er rétt að geta þess að samræðuþing grunn- og framhaldsskólakennara var haldið fyrir fáeinum misserum en sá umræðuvettvangur hefur ekki skapað sér fastan sess.

Nýliðar í kennslu fá óformlega aðstoð frá eldri kennurum við að koma sér af stað en lítið er um formlegt faglegt samstarf við kennara í öðrum framhaldsskólum.

Aðbúnaður til náms og kennslu í bóklegum sem verklegum greinum er góður í FAS. Húsnæðið er rúmgott og vel fer um starfsemina en úttektaraðilum bærust allmargar ábendingar

um brotalamir á netsambandi. Námsumsjónarkerfið er Moodle og nemendur segja kennara duglega við að nýta sér það og aðrar rafrænar aðferðir til miðlunar og samskipta. Fartölvueign nemenda er almenn en ekki er skylt að hafa þær eða sambærileg tæki til afnota í kennslustundum.

Skólinn hefur ekki sérstakt bókasafn en hefur fullan aðgang að Bókasafni Hornafjarðar og er það skilgreint sem skólabókasafn framhaldsskólans auk þess að vinna með skólabókasöfnum grunnskóla svæðisins. Bókasafnið er á neðri hæð Nýheima og myndar í reynd hjarta hússins í skipulagi þess. Lesstofa FAS er á næstu hæð fyrir ofan og beinn samgangur er þar á milli. Alger samhljómur er um að þjónusta safnsins við skólann sé til fyrirmyndar.

### **Styrkleikar**

- Sé litið til stærðar skólans er námsframboð FAS býsna fjölbreytt.
- FAS nýtur góðs af samstarfinu innan Fjarmentaskólans.
- Kjörnámsbraut er áhugavert nýmæli í íslenskum framhaldsskólum.
- Mikið skapandi nám og starf fer fram í samvinnu við Vöruhúsið.
- Faggreinamenntaðir kennarar annast kennslu í flestum áföngum.
- Lesstofuskylda virðist hafa bætt námsástundun nemenda.
- Kennarar eru hvattir til að sækja sér endurmenntun.
- Aðbúnaður til náms og kennslu er góður.
- Þjónusta bókasafns er til fyrirmyndar.

### **Tækifæri til umbóta**

- Leita þarf leiða til þess að fjölga nemendum á nýjan leik.
- Vinna þarf ötullega gegn brotthvarfi úr einstökum áföngum og/eða alveg úr skóla. Í því sambandi þarf að taka tillit til gamalgróinnar vinnuvenningar og hás atvinnustigs á svæðinu sem gerir það að verkum að vinna með námi er mikil og leiðir að einhverju marki til brotthvarfs nemenda.
- Leita þarf leiða til þess að hækka starfshlutfall námsráðgjafa.
- Íhuga þarf hvernig hægt er að draga úr áhrifum landfræðilegrar staðsetningar á sókn kennara í reglubundna endurmenntun.
- Bæta þarf netsamband í húsnæði skólans.

## Umsögn ytri matsaðila um samskipti og líðan (styrkleikar/veikleikar)

Aðspurðir segjast nemendur stoltir af skólanum sínum, hann sé lítill og samheldinn, allir þekki alla og gott samband sé á milli þeirra, kennara og annars starfsfólks. Undir þetta taka aðrir viðmælendur og formaður foreldrafélagsins segir skólann vera „lykilstofnun í samfélaginu“ en vissulega geri smæðin það stundum að verkum að nemendur grípi til samanburðar við stærri framhaldsskóla og þá geti verið stutt í lítils háttar minnimáttarkennd.

Í *Sjálfsmatsskýrslu 2015–2016* er könnun á vímuefnaneyslu í framhaldsskólum frá árinu 2013 gerð að umtalsefni og sagt að þar hafi komið „í ljós að neysla hjá stúlkum 18 ára og eldri [í FAS] var meiri en hjá sambærilegum hópi á landsvísu. Í annarri könnun sama ár kom fram að stelpum í FAS líður almennt ver en stelpum á landsvísu.“ Vegna þessara niðurstaðna var myndaður rýnihópur sex stúlkna til þess að greina vandann og niðurstöður samtals við þær eru birtar í sjálfsmatsskýrslunni. Þar kemur fram að meginástæða vanlíðunarinnar sé sú samfélagslega pressa sem lögð er á stúlkur

að falla inn í ákveðið mynstur. Þær þyrftu að falla inn í ákveðið útlit og hegðun og þær hefðu litla möguleika á að vera þær sjálfar í hóp nema með nánnum vinum sínum. Í skólanum byggðist hegðun og framkoma á því hvernig svokallaðir „Alfa“ nemendur höguðu sér. Þeir nemendur sem hefðu hæsta stöðu í nemendahópnum legðu línurnar... . Hræðsla við skoðanir annarra lituðu mjög hegðun og umtal sem væri mikið í litlu samfélagi eins og á Höfn. Ef þú fellur ekki í hópinn þá færðu illt umtal sem stúlkur með lítið sjálfsálit ættu erfitt með að takast á við.

Til úrbóta á þessu ástandi nefna stúlkurnar nokkur atriði:

- Bjóða almenna og meiri fræðslu, svo sem um þunglyndi og kvíða.
- Bjóða ódýr sjálfsstyrkingarnámskeið.
- Vekja almenna umræðu um viðfangsefnið meðal nemenda.
- Fá trúnaðarmenn (nemendur eða kennara) sem flutt geta skilaboð milli nemenda og skólans.
- Gera þarf sálfræðipjónustu aðgengilega, helst kvensálfræðing.

Frásagnir og skilaboð stúlnanna á Höfn ríma að mörgu leyti við sögur ungmenna víða annars staðar á landinu og spegla þann vanda sem stöðjar víða að, meðal annars vegna slakrar geðheilbrigðisþjónustu. Í rýnivíðtali við stjórn nemendafélags FAS og umsjónarmann með félagslífi voru þessi atriði þeim ofarlega í sinni og þar kom fram að illa gengur að virkja hinn almenna nemanda til þátttöku í viðburðum sem félagið stendur að. Virðist þá litlu skipta hvað það er sem lagt er upp með. Að sögn stjórnarinnar eru ástæðurnar óljósar en bann við áfengisneyslu virðist stór áhrifavaldur og auk þess er á ferðinni óútskýrð neikvæðni meðal ákveðins hluta nemenda sem síðan draga aðra með sér. Þessu til viðbótar var nefnt að almenn atvinnuþátttaka og íþróttaiðkun hamli að einhverju leyti félagsstarfi innan skóla og utan hans er húsnæði til þeirra nota ekki til staðar að frátöldu félagsheimilinu Sindrabæ sem getur engan veginn þjónað sem félagsmiðstöð fyrir framhaldsskólanema. Sveitarfélagið Hornafjörður rekur félagsmiðstöð, Þrykkjuna, en hún er eingöngu ætluð grunnskólanemum.

Skólareglur FAS eru birtar á vef en eru að öðru leyti lítt sýnilegar í húsnæði skólans. Í viðtölum kom fram að nokkur losarabragur sé á að mætingareglum sé framfylgt og raddir heyrdust um visst agaleysi. Ein ástæða þess kann að vera sú að skólinn megi illa við fækkun nemenda en mat skólameistara er að skynsamlegra sé að fást við vanlíðan nemenda með öðrum hætti en að vísa þeim úr skóla.

Foreldraráð FAS hefur litla formlega starfsemi umfram lögbundna þátttöku í skólanefnd. Hins vegar bregst félagið við þegar eftir er leitað og þá einkum í sambandi við gæslu á samkomum (dansleikjum) nemenda. Skólinn virðist hafa lítið frumkvæði að því að efla foreldraráð og aðkomu þess að innri málefnum stofnunarinnar.



Í vísbendingum 57–59 er spurt um skráð og virk tengsl FAS við aðila utan skóla um nám nemenda. Eins og kom fram í fyrri hluta skýrslunnar eru langflestir staðarnemar úr næsta nágrenni skólans og Grunnskóli Hornafjarðar er aðaluppsprettan. Þaðan fylgja ítarleg gögn um alla nemendur yfir til FAS svo þar er auðvelt um vik auk þess sem núverandi námsráðgjafi er í skiptu starfshlutfalli á milli skólanna. Hins vegar eru engar haldbærar upplýsingar til um gengi nemenda á næsta skólastigi eftir að FAS sleppir og í reynd eru ekki heldur til skráðar upplýsingar um tengsl við atvinnulíf svæðisins. Námsframboð skólans tekur þó visst mið af atvinnumarkaðnum með námi í vélstjórn og fjallamennsku. Bein tengsl, s.s. með aðild utanaðkomandi aðila að stefnumótun eru aftur á móti engin.

### **Styrkleikar**

- Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu er „lykilstofnun í samfélaginu.“
- Nemendur eru stoltir af skólanum sínum.
- Góð tengsl eru á milli FAS og Grunnskóla Hornafjarðar.
- Námsframboð tekur á vissan hátt mið af atvinnulífi svæðisins.

### **Tækifæri til úrbóta**

- Huga þarf að umbótum á félagslegu umhverfi innan og utan FAS sem er mörgum ungmennum, einkum stúlkum, erfitt.
- Leita þarf leiða til þess að auka félagslega aðstoð og geðheilbrigðisþjónustu.
- Vinna þarf að aukinni þátttöku nemenda í félagslífi innan skóla.
- Bæta þarf almenna félagsaðstöðu fyrir nemendur utan skóla.
- Draga þarf úr fjarvistum úr kennslustundum og íhuga hvort ekki sé rétt að standa fastar á mætingareglum.
- Efla þarf starfsemi foreldrafélagsins og auka aðild þess að innri málefnum skólans.
- Afla þarf upplýsinga um gengi brautskráðra nemenda á næsta skólastigi.

## Umsögn ytri matsaðila um skólahúsnæði og aðbúnað (styrkleikar/veikleikar)

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu er hluti af Þekkingarsetrinu Nýheimar sem byggir „á hugmyndafræði og samstarfsneti um *menntun, menningu, rannsóknir og nýsköpun* á Suðausturlandi.“ Aðrar stofnanir í húsnæði Nýheima eru Fræðsluskrifstofa Hornafjarðar, Háskólafélag Suðurlands, Hornafjarðarsöfn, Matís, Náttúrustofa Suðausturlands, Ríki Vatnajökuls, Samband sunnlenskra sveitarfélaga, Stofnun rannsóknarsetra Háskóla Íslands og Vatnajökulspjöldgarður. Í húsinu er stórt bókasafn, lesaðstaða, myndfundaraðstaða, aðstaða til námskeiðshalds og sameiginlegt mötuneyti fyrir nemendur framhaldsskólans og starfsmenn hinna mismunandi stofnana. FAS hefur samning um afnot af Hornafjarðarsöfnum, þ.m.t. bókasafni, og þá er umsjón fasteigna og ræsting kostuð af rekstri Nýheima.

Meðal skilgreindra markmiða Þekkingarsetursins er að efla samstarf stofnana og fyrirtækja í húsinu með sérstakri áherslu á menntun, menningu, rannsóknir og nýsköpun; að auka samheldni og efla traust í samskiptum milli einstaklinga, fyrirtækja og stofnana; að stuðla að virkri félagslegri þátttöku allra íbúa; að örva nýsköpun, fjölga störfum og auka fjölbreytni og lífsgæði á svæðinu.

Sambýlið í Nýheimum fellur vel að starfsemi FAS og faglegt samneyti við aðra starfsmannahópa styrkir fámennnt kennaralið hans, bæði beint og óbeint. Framhaldsskólinn hefur alla efri hæð hússins til afnota og rúmt er um grunnstarfsemi hans. Einna helst skortir rými fyrir félagsstarf nemenda en opin svæði á báðum hæðum koma þar að góðum notum.

Umgengni um húsnæðið er góð og vel virðist um allt hugsað. Listaverk eru á veggjum og prýða umhverfið.

Auk húsnæðisins í Nýheimum fer drjúg starfsemi á vegum FAS fram í Vöruhúsinu sem er í aðeins þriggja mínútna göngufjarlægð. Það var upphaflega byggt sem verslunarhúsnæði Kaupfélags Austur-Skaftfellinga en hefur verið lagt undir starfsemi sem miðar að því að efla list- og verkgreinar á Hornafirði. Íbúar geta nýtt sér aðstöðuna þar til listsköpunar, nýsköpunar eða til að vinna að handverki af ýmsu tagi. Grunnskóli Hornafjarðar og FAS bjóða upp á formlegt nám í smíði, textíl, myndmennt, ljósmyndun og fatahönnun (fatasaum) í húsinu og er aðsókn yfirleitt góð.

FAS hefur vissan aðgang að íþróttahúsi sveitarfélagsins og þar er hægt að kenna skólaíþróttir en jafnframt er nemendum beint í líkamsræktarstöð þar sem áherslan er önnur.

### Styrkleikar

- Húsnæði FAS er fullnægjandi til þeirrar starfsemi sem þar fer fram.
- Samneyti stofnana í Nýheimum styrkir faglega starfsemi framhaldsskólans.
- Vel er hugsað um skólahúsnæðið og það er aðlaðandi.
- Aðstaða í Vöruhúsinu eykur möguleika FAS til þess að halda úti fjölbreyttu námsframboði.

### Tækifæri til úrbóta

- Það kæmi skólanum vel að hafa eigið íþróttahús til umráða.

## Umsögn ytri matsaðila um lykilárangur (styrkleikar/veikleikar)

Vísbendingar þessa kafla (67–78) er erfitt að meta af þeirri einföldu ástæðu að töluleg gögn eru ekki til staðar nema að litlu leyti. Það leiðir því af sjálfu að huglægt mat ræður miklu um það hvernig svarað er.

Í skýrslu sem unnin var á vegum mats- og greiningarsviðs mennta- og menningarmála-ráðuneytis um brautskráningar þeirra sem hófu nám í framhaldsskólum árið 2007 kemur fram að 60% innritaðra það ár höfðu lokið námi sex árum síðar. Hvað Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu varðar höfðu 14 nemendur af þeim 33 sem innrituðust 2007 brautskráðst frá einhverjum framhaldsskóla eða 42%. Af þessum fjórtán höfðu tíu lokið námi frá FAS en fjórir úr öðrum skólum. Í heild var skólinn í 21. sæti í röð þeirra 28 skóla sem höfðu starfað nægilega lengi til þess að vera með í úttektinni. Erfitt er um beinan samanburð í þessu samhengi en meðal þeirra skóla sem röðuðust frammar eru allir eftirsóttustu bóknámsskólar landsins sem flestir hafa getað valið úr hópi umsækjenda. Það er aftur á móti ekki gert í FAS heldur er tekið á móti öllum sem þangað vilja koma. Nemendahópurinn verður þar með fjölbreyttari og að einhverju leyti brotþættari en ella.

Á þessa viðkvæmu samsetningu nemendahópsins hefur áður verið minnst í tengslum við mikið brotthvarf nemenda og ljóst að verulega þarf að taka til hendinni til þess að hækka brautskráningarhlutfall skólans. Þar skipta formleg námslok af framhaldsskólabraut miklu máli en einnig þarf að styðja og styrkja nemendur til stúdentsprófs eftir því sem kostur er. Það fellur vel að yfirlýstu markmiði í sýn FAS þar sem segir að samvinna í námi og félagslífi sé „hornsteinn skólastarfsins sem byggir á þeirri sýn að nám sé vinna en um leið félagslegt ferli. Lögð er áhersla á að skólinn þjóni þörfum nemenda á persónulegan hátt með sveigjanlegu og metnaðarfullu námsframboði og að hann mæti kröfum samfélagsins hverju sinni.“

Sex vísbendingar lúta að grunnþáttunum sex og það hversu vel nemendur hafi tileinkað sér þá. Það er erfitt að meta af nákvæmni en af viðtölum við nemendur má ráða að lýðræðisleg vinnubrögð séu höfð í heiðri í starfi nemendafélagsins þótt félagsþroska virðist að einhverju marki ábótavant, samanber það sem áður er sagt um þátttöku í félagslegum viðburðum og ólíka félagslega stöðu einstaklinga (einkum stúlkna) innan nemendahópsins. Það að FAS er heilsueflandi framhaldsskóli er ekki áberandi að öðru leyti en því að flokkun er á úrgangi en matseðill mótuneytis tekur ekkert sérstakt mið af stefnunni. Áhersla skólans á skipulagðar vettvangsferðir út í náttúruna eru liður í að efla sjálfbæra hugsun með nemendum og samstarfsverkefni hafa verið á því sviði við aðra framhaldsskóla og stofnanir, innanlands og utan. Þegar allt er dregið saman má leiða líkum að því að FAS sinni grunnþáttunum öllum á einn eða annan hátt en skólinn hefur ekki komið sér upp neinum aðferðum til þess að meta hversu vel nemendur hafa tileinkað sér hvern og einn þeirra. Það er atriði sem líklega á við flesta framhaldsskóla.

Áhugaverð könnun á viðhorfum fyrrverandi nemenda FAS var gerð á haustönn 2012 og niðurstöður hennar eru birtar í sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2012–2013. Framkvæmdin var sú að þáverandi nemendur hringdu í forvera sína, lögðu fyrir þá spurningar og skráðu svör. Þátttakendur voru 95, þar af höfðu 54 lokið námi sínu í FAS en 40 gerðu það ekki. Af þeim 54 sem luku námi höfðu þrjátíu farið í háskólanám, tíu í nám á framhaldsskólastigi en 24 fóru að vinna eða að sinna öðrum viðfangsefnum.

Þegar spurt var um það hvernig námið í FAS hefði nýst að skóla loknum voru niðurstöðurnar eftirfarandi:

	Vel	Pokka- lega	Ill
Hvernig nýttist námið í FAS þér til háskólanáms?	8	17	5
Hvernig nýttist námið í FAS þér til annars framhaldsskólanáms?	6	3	1
Hvernig nýttist námið í FAS þér til vinnu eða annarra viðfangsefna?	13	5	5

Niðurstöðurnar eru ekki afgerandi en gefa vísbendingu um að undirbúningur frá FAS hafi naumast nýst sem skyldi til framhaldsnáms en betur á öðrum vettvangi. Um raunverulegt gengi brautskráðra á næsta skólastigi eru engar nákvæmar upplýsingar til.

Þegar þeir nemendur sem ekki luku námi í FAS voru spurðir um ástæður þess að þeir hættu kom í ljós að flestir gerðu það vegna takmarkaðs námsframboðs, þrettán talsins, níu langaði að fara annað og jafnmargir hættu í námi. Sjö töldu skólann ekki nægilega góðan og fjórir nefndu aðrar ástæður.

Könnun af þessu tagi veitir dýrmætar upplýsingar sem mikilvægt er að skólar nýti sér og samkvæmt matsáætlun er könnun af þessu tagi á dagskrá á haustönn 2016.

Ný námskrá FAS sýnir vilja skólans til þess að endurskipuleggja sjálfan sig og koma til móts við breytta tíma. Um það er nám í fjallamennsku skýr vitnisburður, sama má segja um kjörnámsbrautina sem veitir einkum möguleika á sérhæfðu listnámi og loks er samstarf innan Fjarmentaskólans árangursríkt.

### **Styrkleikar**

- Unnið er að einhverju marki með grunnþætti menntunar í daglegu starfi FAS.
- Nám í FAS virðist koma að góðum notum sem undirbúningur vinnu eða annarra viðfangsefna.
- Skólinn hefur sýnt vilja í verki til þess að breyta námi og námsleiðum í takt við kröfur tímans.

### **Tækifæri til úrbóta**

- Vinna þarf að því að auka brautskráningarlutfall nemenda.
- Ýmis sóknarfæri eru til staðar fyrir skólann til þess að flétta grunnþætti menntunar með skýrari hætti inn í daglegt starf.
- Kanna þarf með skilvirkum hætti hvernig unnt sé að búa brautskráða nemendur frá FAS sem best undir nám á öðru/næsta skólastigi.

## Viðauki: Heimildir og tilvísanir

Tölulegar upplýsingar um Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu í fyrri hluta skýrslunnar byggja aðallega á innsendum gögnum frá skólameistara, ársskýrslum og sjálfsmatsskýrslum skólans og eru þær heimildir ekki skráðar sérstaklega hér. Aftur á móti eru nefndar skriflegar og munnlegar heimildir og önnur gögn sem styðja beint við mat á einstökum þáttum í síðari hlutanum. Upplýsingar af heimasíðu eru ekki tilgreindar með sérstakri vefslóð hver fyrir sig. Þá er hvorki vísað til ákveðinna rýnivíðtala um tiltekna vísbendingar vegna rekjanleika til nafngreindra einstaklinga né heldur er vísað til heimilda um mat á hverri þeirra fyrir sig nema hvað varðar innsend svör kennara, nemenda, verkefnisstjóra sjálfsmats og vinnuteymis. Að öðru leyti er látið nægja að flokka helstu heimildir eftir matsþáttunum fimm. Um það hvernig skólinn stóð að eigin mati á einstökum vísbendingum vísast til inngangs skýrslunnar.

Mats- þættir	Heimildir
1–18: Stjórnun og skipulag	<i>Ársskýrslur Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu 2013–2015.</i>
	Gögn frá skólameistara.
	Rýnivíðtöl við einstaklinga og hópa í FAS.
	<i>Sjálfsmatsskýrslur FAS 2012–2016.</i>
	<i>Skipurit FAS.</i>
	<i>Skólanámskrá FAS.</i>
	<i>Skólasamningur 2013–2015.</i>
	<i>Starfsnám á landsbyggðinni: lokaskýrsla.</i> [2015].
	<i>Stofnun ársins 2016.</i> (2016). Vefslóð: <a href="http://sfr.is/kannanir-sfr/stofnun-arsins/stofnun-arsins-2016/">http://sfr.is/kannanir-sfr/stofnun-arsins/stofnun-arsins-2016/</a> .
	Svör kennara í spurningakönnun (vísbendingar 6–10).
	Verkefnisstjóri sjálfsmats (vísbending 13).
Vinnuteymi sjö einstaklinga í FAS (vísbending 4).	
19–43: Kennsla og náms- framboð	<i>Aðalnámskrá framhaldsskóla.</i>
	<i>Ársskýrslur FAS 2014–2015.</i>
	Gögn frá skólameistara.
	<i>Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.</i>
	Rýnivíðtöl við einstaklinga og hópa í FAS.
	<i>Skólanámskrá FAS.</i>
	Svör kennara í spurningakönnun (vísbendingar 27–28, 35–37).
	Svör nemenda í spurningakönnun (vísbendingar 22–28, 38–40).
Verkefnisstjóri sjálfsmats (vísbendingar 29, 31 og 41–42).	
44–56: Samskipti og líðan	Gögn frá skólameistara.
	Rýnivíðtöl við einstaklinga og hópa í FAS.
	<i>Sjálfsmatsskýrsla FAS 2015–2016.</i>
	Svör kennara í spurningakönnun (vísbendingar 27–28, 35–37, 47–49).
	Svör nemenda í spurningakönnun (vísbendingar 44 og 47).
Vinnuteymi sjö einstaklinga í FAS (vísbendingar 51–53).	

57–65: Húsnæði og aðbúnaður	Nýheimar þekkingarsetur. (2016). Vefslóð: <a href="http://nyheimar.is/">http://nyheimar.is/</a>
	Rýniviðtöl við einstaklinga og hópa í FAS.
	Svör nemenda í spurningakönnun (vísbending 61).
	Verkefnisstjóri sjálfsmats (vísbendingar 57–58).
66–79: Lykil- árangur	Gunnar J. Árnason. (2014). <i>Dreifing brautskráninga eftir útskriftartímabilum. Skýrsla frá mats- og greiningarsviði mennta- og menningarmálaráðuneytis.</i>
	Rýniviðtöl við einstaklinga og hópa í FAS.
	<i>Sjálfsmatsskýrsla FAS 2012–2013.</i>
	<i>Skólanámskrá FAS.</i>
	Verkefnisstjóri sjálfsmats (vísbendingar 68 og 78).
	Vinnuteymi sjö einstaklinga í FAS (vísbendingar 71–75).

Akureyri 22. ágúst 2016

### **Efni: Úttekt á starfsemi Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu**

Af hálfu Námsmatsstofnunar hefur okkur undirrituðum verið falið að annast ytri úttekt á Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu. Úttektin verður byggð á fyrirliggjandi gögnum um starfsemi skólans, viðtölum við einstaklinga og hópa, auk vettvangsathugana. Við óskum eftir góðu samstarfi við stjórnendur skólans og starfsfólk og viljum í upphafi biðja um að tekin verði saman eftirtalin gögn og send til undirritaðra fyrir 23. september nk.:

- *Ársskýrsla 2014 og 2015 liggja þær fyrir.*
- *Sjálfsmatsskýrslur 2015 og 2016 liggja þær fyrir.*
- *Gildandi skólanámskrá.*
- *Gildandi skólasamningur við mennta- og menningarmálaráðuneyti.*
- *Upplýsingar um árlegan kennslutíma (síðasta skólaár).*
- *Upplýsingar um nemendur:*
  - *Fjöldi dagskólanemenda vor og haust 2012–2016 (sjá töflu 1 á fylgiblaði).*
  - *Aðsókn í fjarnám haust og vor 2011–2016 (sjá töflu 2 á fylgiblaði).*
    - *Hvaðan koma nemendur (póstnúmer – vor 2016 og haust 2016. (Sjá töflu 3 á fylgiblaði)?*
    - *Fjöldi nemenda á vorönn 2016 og haustönn 2016 eftir aldri og kynjum (Sjá töflu 4 á fylgiblaði).*
  - *Próun í innritun nýnemenda að hausti frá 2012–2016 (sjá töflu 5 á fylgiblaði).*
  - *Skipting nemenda á námsbrautir haust 2012–2016 greind eftir kynjum (sjá töflu 6 á fylgiblaði).*
  - *Meðalstærð námshópa vor 2015 og haust 2016*
  - *Fjarvistarskráning nemenda haustið 2015 og vorið 2016 (sjá töflu 7 á fylgiblaði).*
  - *Brotthvarf nemenda vor og haust frá hausti 2011 til vors 2016 (sjá töflu 8 á fylgiblaði).*
  - *Brautskráningar eftir námsbrautum 2012–2016.*
- *Upplýsingar um starfsfólk:*
  - *Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum að hausti 2016 (sjá töflu 9 á fylgiblaði).*
  - *Starfsaldur kennara við a) FAS og b) aðra skóla.*
  - *Upplýsingar um starfsmannaveltu við skólann sl. fimm ár.*
  - *Fjöldi stundakennara, kennslutímar pr. viku, skipt eftir kynjum, vor 2016 og haust 2016.*
  - *Menntun kennara (sjá töflu 10 á fylgiblaði).*
    - *Eru kennarar skólans menntaðir í þeim greinum sem þeir kenna?*
- *Skipurit skólans.*
- *Námstími nemenda við brautskráningu.*
- *Umfang forfalla kennara og forfallakennslu á vorönn 2016.*
- *Fjöldi kennslustunda sem nemendur urðu af vegna forfalla kennara á vorönn 2016.*
- *Upplýsingar um sérstakar áherslur sem skólinn leggur í námi og kennslu (t.d. í viðauka við skólasamning).*

Á fylgiblaði hér með eru töflur sem gott er að nota við upplýsingagjöfina. Töflurnar eru í Word og þeim má breyta eftir því sem skólinn telur þörf á. Ef einhver framangreind gögn liggja fyrir á vef skólans nægir að vísa á þau þar.

Til frekari gagnaöflunar óskum við eftir því að fá að koma í heimsókn í skólann mánudag og þriðjudag 10. og 11. október nk. Í heimsókninni vildum við eiga viðtöl við eftirtalda aðila eins og hér segir:

**Mánudagur 10. október:**

8:30–9:15	Vettvangsathugun – Gengið með skólameistara um húsnæði skólans
9:15–10:30	Skólameistari
10:45–11:15	Námsráðgjafi
11:30–12:15	Verkefnisstjóri sjálfsmats
13:00–13:40	Rýnihópur kennara I
13:50–14:30	Rýnihópur kennara II
14:45–15:30	Rýnihópur 8 nemenda
15:45–16:15	Stjórn foreldrafélags

**Þriðjudagur 11. október:**

8:30–9:00	Fjármálastjóri, skrifstofustjóri
9:15–9:45	Formaður skólanefndar
10:00–10:30	Umsjónarmaður fasteigna og umsjónarmaður veitingasölu
10:45–11:15	Kerfisstjóri
11:30–12:00	Stjórn nemendafélags og umsjónarmaður með félagslífi
13:00–14:00	Áfangastjóri

Undirritaðir munu leita eftir því við kennara að taka þátt í rýnihópum þar sem til umræðu verða ýmis atriði er varða starf og starfshætti í FAS. Á sama hátt munum við leita eftir því við formann nemendafélags skólans að velja nemendur í rýnihóp til viðræðna við okkur. Óskum við eftir að fá upplýsingar um netfang formanns nemendafélags skólans svo við getum sett okkur í samband við hann. Væntum við þess að skólameistari leiti eftir því við aðra viðmælendur að taka þátt í samræmi við ofangreint. Ef hagfelldara er fyrir skólann að breyta innri uppröðun á viðtölunum er ekkert því til fyrirstöðu af hálfu undirritaðra.

Með bestu kveðju.

